

Bls. 3: Sagnabrunnur Gísla vekur alltaf verðskuldaða athygli og á sér orðið dygga aðdáendur sem biða í óþreyju eftir nýjum þáttum. Nú segir hann af kúkakrananum í nýrri sögu af sjónum.

Bls. 7: Fjör var í skammtímaskokki Reykjavíkumaraþonsins. Fjörir Geysisfélagar skokkuðu fyrir Geysi. Rétt að minna á að enn er hægt að skrá sig fyrir áheitum á hlaupastyrkur.is

Litli Hver

9. tbl. 2023



Helgi Sabela og David á gosstöðvunum við Litla-Hrút í júlí

Einstök upplifun sem lét engan ósnortinn!

Þann 29. júlí síðastliðinn lagði Helgi í sína aðra ferð ásamt Sabelu sjálfboðaliða og kærasta hennar um 6,3 km langa (aðra leið) ásamt miklum fjölda ferðamanna að



Helgi gosmethafi

eldgosinu við Litla-Hrút á milli Keilis og Fagradalfjalls. Þetta var nú aldeils ekki í fyrsta skipti sem Helgi lagði leið sína að eldgosi, auk þess fór hann sex sinnum þegar það gaus 2021.

Upplifunin að þessu gosi var allt öðruvísi en af því fyrsta. En auðvitað alveg einstakt að upplifa gos á Íslandi en nær 800 ár voru síðan að það gaus síðast á Reykjaneskaga þegar Reykjaneseldar geisluðu. Svo er bara að bíða þess að það fari að gjósa í fjórða skipti, ég mun alveg pottþétt fara.



Myndirnar af gosinu tók Helgi Halldórsson félagi í Geysi og Sabela og David þegar þau héldu á gosstöðvarnar 29. júlí síðastliðinn og rétt náðu að skoða gosið áður en það lognaðist útaf.



Litli Hver útgefandi: Klúbburinn Geysir.

Framkvæmdastjóri: Þórunn Ósk Sölvadóttir. Þeir sem unnu þetta blað: Helgi Halldórsson, Benedikt, Fannar, Kristinn, Gísli, Krissa Heimilisfang: Skipholt 29. Sími: 551-5166, tölvupóstur kgeysir@kgeysir.is Heimasiða: www.klubburinngeysir.is

Facebook: Klúbburinn Geysir, Instagram: klubburinn_geysir #geysirclubhouse

KLÚBBURINN
GEYSIR | 20 ÁRA



Myndin er tekin á 4. námskeiði Sabelu

Spænskunámskeið Sabelu

Fjórða spænskunámskeið Sabelu var haldið 31. ágúst síðastliðinn. Að vanda var það bæði skemmtilegt og áhugavert. Að þessu sinni fór hún nánar yfir tölurnar og beitti bingóaðferðinni við það. Hún gjörsamlega neldgi athyglina. Einnig fór hún yfir mánuðina og tengdi þá við ýmsar hefðir sem í hávegum eru hafðir á Spáni. Mjög skemmtilegt að ekki sé meira sagt.



Sabela hinn skeleggi leiðbeinandi

Þar sem svo vel hefur tekist til með þessi spænsku menningar- og tungumálanámskeið hefur verið ákveðið að halda fimmta námskeiðið í september. Það verður fimmtudaginn 25. september kl. 10.00. Skráningarblað á töflu á annarri hæð. Allir velkomnir.



Þórðarspeki



Betra er að borða beikon en standa í svínaríi.

Oft hafa verslunarmenn meira að gera á frídegi verslunarmanna.

Oft er gott að vera stuttur í annan endann en stuttur í spuna.

Úr sagnabrunni Gísla Kúkakraninn

Þegar ég var á Viðeynni líklega 16 eða 17 ára vorum við á leið á miðin frá Reykjavík. Sumir voru eitthvað að fá sér neðaní því á útstíminu. Ég var steinsofandi þegar ég var vakinn upp við vandan draum. Ég hélt mig væri að dreyma en komst fljótt að því að svo var ekki. Allar vistarverur voru fullar af sora og náði vel í hné. Ég fór í klofstígvél vegna þess að venjuleg stígvél voru ekki nógu há. Ástæða þessa var að fjórði vélstjóri var dagmaður í vél og átti að skrúfa frá krana til þess að lensa tankinn út í sjó. Hann skrúfaði því miður frá vitlausum krana þannig að sorinn kom upp um niðurföllin í skipinu.

Í matsalnum var svo mikill sori að hann náði upp að setum á stólunum. Kokkurinn varð alveg brjáláður og heimtaði að farið yri í höfn og skipið sóttþreinsað en skipstjórinn var í sínum fyrsta túr og sagði: „Hér verður ekki farið í land.“ Og við það sat. Eldhúsið var fyrir aftan matsalinn og við urðum að ausa þessu útá millidekk. Þannig að þessi draumur var ekki neinn draumur heldur fúlasta martröð.

Ferðaáhugafélagar athugið!

Gangið í Ferðafélag Geysis og látið utanlandsdraumana rætast. Nú er í pípunum borgarferð í lok október. Áhugasamir tali við Fannar sem veitir frekari upplýsingar.

Matseðill fyrir september 2023

Matseðill er birtur með fyrirvara um breytingar

Alla daga er hægt að panta sér salatskál a la grande.
Munið að panta samdægurs fyrir klukkan 10.00

Mán.	Pri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
				1. Teriaky kjúklingur og hrísgrjón Apríkósugrautur	2.
4. Tómatsúpa að hætti Tryggva	5. Plokkfiskur	6. Lasagna	7. HLADBORD	8. Vínarsnitsel með grænum, rauðkáli og sósu Sveskjugrautur	9.
11. Pastasalat	12. Steiktur fiskur í raspi með kartöflum og kokteilsósu	13. Hakk og spaghettí	14. HLADBORD	15. Lærissneiðar í raspi, grænar og rauðkál. Eplagrautur	16.
18. Grjónagrautur, lifrapylsa og slátur.	19. Fiskur í ofni	20. Rónsteik De lux	21. HLADBORD	22. Kjúklingur og franskar Jarðaberjagrautur	23.
25. Pylsur í brauði með öllu	26. Soðinn fiskur með kartöflum.	27. Píta	28. HLADBORD	29 Hamborgari franskar og sósa	

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um að auka fjölbreytni á matseðli Klúbbsins Geysis? Mættu þá á eldhúsfund kl. 10.30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.



Hjartagleði Myndlistarsýning Ástu í Geysi

Laugardaginn
2. september
næstkomandi
opnar Ásta
Olsen félagi í
Geysi sýningu
í Klúbbnum
Geysi á
verkum sínum
sem unnin eru
með blandaðri



tækni. Ásta stundaði hönnunarnám í
Iðnskólanum í Hafnarfirði og í
sjónlistum í Myndlistaskóla
Reykjavíkur. Einnig var hún tvö ár í
listnámi hjá Janusi endurhæfingu
(starfs- og atvinnuendurhæfing). Í
myndum sínum fæst Ásta við
tilfinningar og táknsæi lita og forma.
Ásta talar beint við áhorfandann sem
oft þarf að taka afstöðu til sjálfs síns
og verksins um leið og hann upplifir
verkið. Ásta hefur haldið fjölda sýningu
gegnum árin. Sýningin stendur til 31.
október. Verkin eru til sölu og allir
velkomnir á opnunartíma klúbbsins

Spurning mánaðarins

Ætlar þú á Ljósanótt í
Reykjanesbæ dagana
31. ágúst - 3. september?



Helgi



Ásta



Ingibjörg




Kristinn

Áhugamálið mitt: Náttúruljósmyndun

Ég er 28 ára gömul Breiðholtsmær (fædd og uppalin í Breiðholti).

Ég hef haft mikinn áhuga á ljósmyndun frá unga aldri, eða síðan ég var um það bil 10 ára. Ég fékk

mína fyrstu myndavél 15 ára gömul og síðan þá hef ég alltaf tekið margar myndir og nú er það bara síminn sem hefur tekið völdin. Ég tek aðallega náttúruljósmyndir t.d af fuglum og blómum. Mér finnst rosalega gaman að taka myndir og nýti hvert einasta tækifæri til þess, vetur jafnt sem sumar. Ég hlakka til að byrja að taka myndir af haustinu og vetrinum, sérstaklega þegar það fer að snjóa því það er svo gaman



**Kristjana
Guðmundsdóttir
Breiðholtsmær**

að taka myndir af snjónum og fallegu trjánum út um hvippinn og hvappinn. Síðasta myndavélin sem ég átti var Canon 1000D og fékk hún nú nýjan eiganda fyrir nokkrum árum og hafði hún reynst mér vel öll þessi ár sem ég hafði hana. Nú og svo fékk ég fréttir af því að vélin var nýlega búin að gefa upp



Mynd eftir Krissu: Þrír hrafnar



**Mynd eftir Krissu
Blómahaf og litagleði í kerri**

öndina níu ára gömul sem er ótrúlega langur líftími. Ég keypti hana í þeim tilgangi að taka fullt af myndum og gerði ég það nánast uppá hvern einasta dag. Ég hvet ykkur öll til þess að taka myndir, því það er svo gaman að deila þeim með öðrum. Mér finnst líka mjög gaman að taka myndir af hundum og köttum, en þó eru fuglarnir, blómin og trén í aðalhlutverki. Mér finnst líka mjög róandi að taka myndir og gæti ég verið allan daginn að því og hvetur mig mikið áfram. Það er líka smá plús því ég fæ mikla hreyfingu útúr því. Ég bið vel að heilsa í bili !

Sól og gleði í skemmtilegasta hlaupi ársins

Nokkrar stemningsmyndir frá deginum

Þann 19. ágúst síðastliðinn tóku Benni, Ásta, Gísli og Helgi þátt í 3 km skemmtiskokki Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka með gleði að leiðarljósi allan tímann. Veðrið var frábært og ekki síðri félagsskapurinn í einu skemmtilegasta hlaupi ársins. Á leiðinni voru alskonar atriði, uppákomur og hvatning frá félögum klúbbsins og áhorfendum. Áheiti á hlaupastyrk.is fór fram úr björtustu vonum og söfnuðust í heildina 131 þúsund kr. Félagar og starfsfólk þakkar kærlega fyrir stuðninginn.



Stjörnustríðsgaurarnir létu sitt ekki eftir liggja



Fyrir ofan: Allir komust í mark Ásta, Helgi, Benni og Gísli.

Mynd hægra megin: F.v. Gísli, Benni og Ásta. Helgi náði ekki á myndina því hann dólaði við myndatökur



Keppendur og stuðningslið hitar upp fyrir árök dagsins



Skokkendur Geysis



Litli Hver



Clubhouse International
Creating Community: Changing the World of Mental Health

Geðheilsa er líka heilsa

Félagsleg dagskrá í september

Laugardagur 2. september

Ásta Olsen félagi í Geysi opnar sýningu á málverkum sínum „Hjartagleði“ í Geysi kl. 14.00.

Fimmtudagur 7. september

Borgarsögusafn Litapalleta tímans
Sýning úr safneigninni. Lagt af stað frá Geysi kl. 15.30

Fimmtudagur 14. september

Heimsókn í Perluna kl. 16.00
Ís og útsýni

Fimmtudagur 21. september

Heimsókn í bogfimisetrið.
Nánar auglýst síðar.

Fimmtudagur 28. september

Opið hús í Geysi
Nánar auglýst síðar

Klúbburinn Geysir Afmælisboð



KLÚBBURINN

GEYSIR

24 ÁRA

Klúbburinn Geysir verður 24. ára 6. september næstkomandi og af því tilefni ætlum við að halda smá afmælisboð miðvikudaginn 6. september kl. 14.00 til 15.30. Þar sem á sama tíma verður húsfundur ætlum við að halda sérstakan afmælishúsfund þar sem við getum farið yfir söguna, rifjað upp góðar stundir og sigra féлага gegnum árin. Hvetjum alla féлага, eldri og yngri til að mæta og njóta stundarinnar með okkur.

Verð á hádegismat, kaffi og gosi

Frá og með 1. júlí hækkaði verð hádegismáltíðar úr 800 kr. í 1000 kr.
Kaffibollinn hækkaði úr 100 kr. í 200 kr.
Lítill gosdós hækkaði úr 100 kr. í 200 kr.
Gos í plastflösku hækkaði úr 200 kr. í 300 kr.

Afmælisveisla féлага sem eiga afmæli í ágúst verður haldin þriðjudaginn 29. ágúst kl. 14.00

Íbúð óskast

Okkar kærri sjálfboðaliði Sabela og kærasti hennar óska eftir tveggja herbergja íbúð eða stúdóíbúð á Reykjavíkursvæðinu. Einnig kemur til greina að leigja herbergi í íbúð með öðrum. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við David í síma 7752139, Sabelu í síma +34-627262126 eða Klúbbinn Geysi í síma 5515166